

# Snjóflóð á Íslandi veturinn 1988/89

MAGNÚS MÁR MAGNÚSSON

Veðurstofu Íslands

Bústaðavegi 9, 150 Reykjavík.

Á níunda hundrað snjóflóð voru skráð veturinn 1988-89. Tveir menn fórust í snjóflóði á Óshlíð, er þeir óku bifreið yfir snjóflóð, sem hafði fallið skömmu áður. Alls féllu fjögur snjóflóð úr sama farveginum á skömmum tíma. Þriðji maðurinn slapp naumlega er síðasta flóðið féll.

Áberandi er hversu mjög atvikum þar sem útivistarfólk á hlut að máli fer fjölgandi. Fjallgöngumaður fótbrotnaði í Skarðsheiði er hann lenti í snjóskriðu, sem hann kom sjálfur af stað. Þremur vikum fyrr hafði sami fjallgöngumaður orðið vitni að snjóflóðaóhappi á sama stað.

Ungur maður á fjórhjólí kom snjóflóði af stað er hann var að leika sér að því að keyra upp í hlíð. Hann slapp ómeiddur. Vélsleðamenn komu snjóflóði af stað í Auðbjargarstaðabrekku, N-Pingeyjarsýslu, með akstri sínum. Lentu tveir sleðamenn í flóðinu, en engan sakaði.

Tvö börn björguðust ómeidd úr snjóflóði er féll á almenningsskiðasvæði en ekki mátti tæpara standa. Skíðamenn ofar í brekkunni höfðu hleypt flóðinu af stað. Snjóflóð féll í skíðastökkbraut á skíðasvæði Ísfirðinga, en engan sakaði.

Snjóflóð féll ofan við heilsugæzlustöðina á Ólafsvík og stöðvaðist 40 metra frá húsinu. Snjóflóð féllu á snjóruðningstæki við Patreksfjörð, í Óshlíð og í Auðbjargarstaðabrekku. Maður slapp ómeiddur úr snjóflóði er féll í Óshlíð, maður og kona sluppu ósködduð er bifreið þeirra grófst undir snjóflóði á Breiðadalshéiði og maður bjargaðist úr snjóflóði í Ólafsfjarðarmúla.

Tvisvar lentu flutningabílar í snjóflóðum, en í hvorugt skiptið urðu slys á fólki né skemmdir á tækjum. Gamall kindakofi skemmdist í snjóflóði á Siglufirði og nokkuð var um að girðingar skemmdust víða um land. Rafmagnsstaurar brotnuðu á Bíldudal og brúin yfir ána Mórillu í Kaldalóni, Ísafjarðardjúpi, stórskemmdist í snjóflóði.

Í töflunni hér á eftir eru skráð öll þau snjóflóð, sem Snjóflóðavarnir Veðurstofu Íslands hafa vitneskju um. Heimildarmenn hafa, eins og áður, verið starfsmenn Vegagerðar ríkisins, og veður- og snjóathuganafólk Veðurstofunnar, en einnig hafa ýmsir aðrir sent inn upplýsingar.

Rétt er að hvetja fólk, sem verður vart við snjóflóð að tilkynna það Veðurstofunni. Hægt er að fá þar til gerð eyðublöð, til skráningar á snjóflóðum.

Ítarlegri upplýsingar um flóðin er hægt að fá á Veðurstofu Íslands.

HEIMILDIR: Snjóflóðaskýrslur Veðurstofu Íslands, Morgunblaðið, Snjóflóðaskýrslur Vegagerðar ríkisins, Dagblaðið.

## Summary

### SNOW AVALANCHES IN ICELAND DURING THE WINTER 1988/89

*More than 800 avalanches were recorded. Two fatalities occurred and fifteen people narrowly escaped. One bridge was severely damaged and a sheepbarn was considerably damaged but otherwise property damage was minimal. It is interesting to note the increased occurrences of avalanche accidents involving people partaking in leisure activities. Location, date of occurrence and other information is presented in the table below. Further information is available from the Icelandic Meteorological Office, (Veðurstofa Íslands, Bústaðavegi 9, IS-150 Reykjavík, Iceland).*

Skammstafanir: V=vott hlaup; Þ=þurr hlaup; K=krapahláup; Kóf=kófhlaup; F=flekahláup; L=lausasnjóflóð; l=lengd; b=breidd; d=dýpt tungu.

Abbreviations: V=wet avalanche; Þ=dry avalanche; K=slush avalanche; Kóf= powder avalanche; F=slab avalanche; L=loose snow avalanche; l=length; b=width; d=depth of deposit.